

Fimmtudaginn 6. febrúar 1986.

Nr. 225/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Ólafi Sigurgeir Hólmi Guðbjartssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða 4. október 1985 en jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu. Ágrip barst Hæstarétti 18. desember 1985.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákærða að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju. Var undir þá kröfur tekið af hálfu ákærvalds.

Ákærði var ekki viðstaddur uppsögu hins áfrýjaða dóms og honum var ekki birtur dómurinn fyrir en 3. september 1985. Hann krafðist áfrýjunar með bréfi 13. s.m. Var það því innan þess frests sem til er tekinn í 2. mgr. 177. greinar laga nr. 74/1974. Skiptir hér ekki máli birting dómsins fyrir skipuðum verjanda ákærða í héraði, sem ákærði hefur synjað fyrir að hafa falið að taka við dómsbirtingu fyrir sig.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt fæðingarvottorð Karls Strand fyrrverandi yfirlæknis er sýnir að hann er fæddur 24. október 1911. Var því samkvæmt 4. mgr. 9. greinar laga nr. 74/1974 óheimilt að kveðja hann til meðdómarastarfa í máli þessu hinn 16. maí 1984. Af þeirri ástæðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Það athugast ennfremur að eigi þar nauðsyn til þess að kveðja til meðdómendur í máli þessu.

Ákveða ber að kostnaður sakarinnar fyrir Hæstarétti greiðist úr

ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, 8.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð á að vera ómerk og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. desember 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 13. desember, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík, kveðinn upp dómur í máli nr. 618/1984: Ákærvaldið gegn Ólafi Sigurgeiri Hólmi Guðbjartssyni, sem tekið var til dóms hinn 5. fyrra mánaður.

Dóm þennan kveða upp Ármann Kristinsson sakadómar, dr.med. Karl Strand, fyrrum yfirlæknir geðdeildar Borgarspítala, og Kristinn Björnsson sálfræðingur.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 21. febrúar 1984, gegn ákærðum „Ólafi Sigurgeiri Hólmi Guðbjartssyni bifreiðastjóra, Króki á Kjalarnesi, fæddum 24. desember 1952 í Reykjavík, fyrir að hafa föstudaginn 15. apríl 1983 haft samræði utan hjónabands við stúlkuna K, sem ekki gat spornað við samræðinu vegna greindarskorts og vanþroska, í bifreið ákærða, G-1855 niðri við fjöru á Laugarnestanga í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með vísan til þess, sem rakið hefur verið hér að framan um andlega heilbrigði K, verður talið, að þannig hafi verið ástatt um hana greint sinn, að hún hafi ekki eins og á stóð getað spornað við samförunum við Ólaf í skilningi 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og verður jafnframt litið svo á, að Ólafur hafi ekki getað velkst í vafa um, að svo hafi verið.

Refsing ákærðs Ólafs telst hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir, en með hliðsjón af því, að hann hefur ekki áður hlotið refsingu, þykir mega

ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Dæma ber ákærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Jóns Oddsonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákærður, Ólafur Sigurgeir Hólm Guðbjartsson, skal sæta fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar hans frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt ákvæði 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 6. febrúar 1986.

Nr. 239/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Benedikt Jónssyni Sverrissyni**

(Sigurður Georgsson hdl.)

Skjalafals. Þjófnaður. Hylming. Tilraun.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða 14. ágúst 1985. Af hálfu ákærvalds er málinu jafnframt áfrýjað refsingu ákærða til þyngingar. Fyrir Hæstarétti var af ákærvalds hálfu fallið frá